

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi í Eddu, mánudaginn 4. september 2023 og hófst kl. 17. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Luciano Dutra og Steinunn Stefánsdóttir. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1) Viðurkenning Íslenskrar málnefndar 2023

Umræður um það hverjir skuli hljóta viðurkenningu Íslenskrar málnefndar árið 2023.

2) Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2023 og málræktarþing

Ályktun um stöðu tungunnar 2023 ber yfirskriftina *Íslenska í fjölmenningsarsamfélagi*. Árleg málræktarþing verður haldið í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins 28. september. Yfirskrift málræktarþingsins er *Íslenskunám nýrra Íslendinga* og eftirtaldir munu halda erindi: Kristrún Heiða Hauksdóttir, Stefanie Bade, Erla Guðrún Gísladóttir, Jóna Dís Bragadóttir, Kolbrún Friðriksdóttir og Grace Achieng.

3) Fundur fullskipaðrar málnefndar

Stefnt er að því að halda fullskipaðrar málnefndar fimmtudaginn 19. október og þar verði rætt um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu.

4) Önnur mál

a) Fernuflug Mjólkursamsölnunnar

Mjólkursamsalan verður með nýtt „Fernuflug“ í upphafi skólaárs meðal nemenda í 8.–10. bekk en keppnin var haldin síðast árið 2006. Yfirskrift Fernuflugs 2023 er „Hvað er að vera ég?“

b) Málstefna fyrir sveitarfélög

Haft var samband við Samtök íslenskra sveitarfélaga og þeim bent á að á vef Íslenskrar málnefndar væru að finna leiðbeiningar um mótun málstefnu fyrir sveitarfélög, skóla og stofnanir.

c) Málfar Ríkisútvarpsins

Njörður P. Njarðvík sendi í sumar tölvupóst til Íslenskrar málnefndar þar sem hann taldi að Ríkisútvarpið þverbryti þá lagaskyldu sína að efla íslenska tungu. Þá sendi Kristján Hreinsson erindi til málnefndar sem hann nefndi „Brot Ríkisútvarpsins á lagaskyldu sinni um rækt íslenskrar tungu“. Íslensk málnefnd svaraði með vísun til skýrslu, málþings og Málfregna nefndarinnar sem varða ágreiningsefnið en fékk ítrekunarbréf frá Kristjáni. Í kjölfarið var óskað eftir álitum lögfræðings menningar- og viðskiptaráðuneytis um hvernig bregðast skuli við

Þegar fyrirspyrjendur sætta sig ekki við svör nefndarinnar. Ekkert svar hefur borist frá ráðuneytinu.

d) *Fundur í netverki norrænna málnefnda*

Fundur í netverki norrænna málnefnda verður haldinn á Íslandi á næsta ári.

e) *Afmæli Íslenskrar málnefndar*

Íslensk málnefnd var stofnuð 30. júlí 1964 og verður hún því 60 ára á næsta ári.

Fleira gerðist ekki; fundið slitið kl. 18:00

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.